



Bæjarstjórn - 1212

FUNDARBOÐ

1212. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
24. mars 2020 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Dagskrármál

1. 2003639 - Covid 19

Fjallað um stöðu mála vegna áhrifa af kórónuveirufaraldrinum.

Fundargerð

2. 2003005F - Bæjarráð - 2993. fundur frá 12.03.2020

Fundargerð í 17 liðum.

3. 2003010F - Bæjarráð - 2994. fundur frá 19.03.2020

Fundargerð í 10 liðum.

- 3.1 2003535 - Hækkun á lánalínum Kópavogsbæjar

Frá fjármálastjóra, dags. 17. mars, lagt fram erindi þar sem óskað er heimildar til þess hækka yfirdráttarheimild bæjarins í ljósi efnahagslegra afleiðinga Covid-heimsfaraldurs.

Niðurstaða Bæjarráð - 2994

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

- 3.3 2003505 - Rýmkaðar heimildir til að halda fjarfundi

Frá lögfræðideild, dags. 16. mars, lögð fram tillaga vegna rýmkaðra heimilda skv. frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum til að halda fjarfundi í ljósi Covid19 faraldursins.

Niðurstaða Bæjarráð - 2994

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

4. 2002024F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 286. fundur frá 27.02.2020

Fundargerði í 11 liðum.

5. 2003020F - Forsætisnefnd - 153. fundur frá 19.03.2020

Fundargerð í 5 liðum.

- 5.3 2003054 - Reglur um birtingu fylgigagna með fundargerðum á vef Kópavogsbæjar

Frá bæjarlögmanni, lögð fram drög að reglum um birtingu fylgigagna með

fundargerðum á vef Kópavogsbæjar. Forsætisnefnd frestaði málinu á fundi sínum þann 5. mars sl. og hvatti bæjarfulltrúa til að kynna sér regludrögin og gera athugasemdir fyrir næsta fund nefndarinnar.

Niðurstaða Forsætisnefnd - 153

Forsætisnefnd samþykkir að vísa drögum að reglum um birtingu fylgigagna til afgreiðslu bæjarstjórnar.

6. 2003003F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 76. fundur frá 05.03.2020
Fundargerð í 3 liðum.
7. 2001022F - Lista- og menningarráð - 111. fundur frá 12.03.2020
Fundargerð í 7 liðum.
8. 2002025F - Menntaráð - 57. fundur frá 03.03.2020
Fundargerð í 3 liðum.
9. 2003011F - Menntaráð - 58. fundur frá 12.03.2020
Fundargerð í 1 lið.
10. 2003083 - Fundargerð 380. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 22.01.2020
Fundargerð í 3 liðum.
11. 2003186 - Fundargerð 879. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28.02.2020
Fundargerð í 31 lið.
12. 2002731 - Fundargerð 381. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 26.02.2020
Fundargerð í 5 liðum.
13. 2002015F - Skipulagsráð - 71. fundur frá 16.03.2020
Fundargerð í 14 liðum.
- 13.3 2003236 - Borgarlínan. Ártún - Hamraborg. Verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Reykjavík og Kópavogi.
Lögð fram, í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Reykjavík og Kópavogi dags. í febrúar 2020. Í lýsingunni sem nær til fyrstu lotu Borgarlínu frá Artúni í Reykjavík að Hamraborg í Kópavogi er gerð grein fyrir þeim áherslum sem verða í komandi skipulagsvinnu, forsendum sem skipulagið byggir á, fyrirhugðuðum kynningum og samráði við skipulagsgerðina. Hrafnkell Á. Proppé og Stefán Gunnar Thors hjá Borgarlínuteymi gera grein fyrir tillögnum.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Skipulagsráð samþykkir að framlöð tillaga að verk- og matlýsingu verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Kristinn Dagur Gissurarson situr hjá við afgreiðslu málsins.

- 13.5 1903010 - Traðarreitir. B29. Tillaga að breyttu aðalskipulagi.
Lögð fram tillaga skipulags- og byggingardeildar að breytingu á Aðalskipulagi

Kópavogs 2012-2024 fyrir Traðarreit - eystri (B29). Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Álfröð í austur, Digranesvegi í suður, Skólatróð í vestur og Hávegi í norður. Í gildandi aðalskipulagi er umrætt svæði skilgreint sem íbúðarsvæði. Stærð skipulagssvæðisins er um 7.800 m² og á því standa nú 8 íbúðarhús með samtals 12 íbúðum sem byggð eru á árunum 1952 til 1955. Í framlagði tillögu er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun en svæðið verði skilgreint sem þróunarsvæði þar sem byggðar verði allt að 180 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum með kjallara og inndreginni þakhæð. Gert er ráð fyrir allt að 200 m² atvinnuhúsnæðis á jarðhæð með aðkomu frá Álfröð. Samkvæmt tillögunni er áætlað nýtingarhlutfall svæðisins ofanjarðar 2,45 og með kjallara 3,70. Í tillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í mars 2020.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að vísa tillögunni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar og að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. ofangreindra laga.

13.6 1901024 - Traðarreitur - eystri. Reitur B29. Deiliskipulag.

Lögð fram að tillaga að deiliskipulagi Traðarreits - eystri, reits B29 sem unnin er af Tark-arkitektum fh. lóðarhafa. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulags-svæðið af Digranesvegi í suður, Skólatróð í vestur, Hávegi í norður og Álfröð í austur. Stærð skipulagssvæðisins er um 7.800 m² og á því standa nú 8 íbúðarhús með samtals 12 íbúðum sem byggð eru á árunum 1952 til 1955. Í framlagði tillögu er gert ráð fyrir að byggðar verði allt að 180 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum með kjallara og inndreginni þakhæð. Gert er ráð fyrir allt að 200 m² atvinnuhúsnæðis á jarðhæð með aðkomu frá Álfröð. Samkvæmt tillögunni er áætlað nýtingarhlutfall svæðisins ofanjarðar 2,45 og með kjallara 3,70. Í tillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 16. mars 2020. Þá lagt fram minnisblað VSÓ Ráðgjöf, Traðarreitir, - umferðargreining dags. 23. september 2019; minnisblað VSÓ Ráðgjöf Traðarreitur B29, Hljóðvistarreikningar, dags. 31. október 2019; Digranes í Kópavogi; Traðarreitur B29 áður Álfröð 1-7 og Skólatróð 2-8, Húsakönnun, dags. í nóvember 2019 unnin af Tark-arkitektum og Digranes í Kópavogi - Traðarreitur B29, Nágrannabyggð Digranesvegur og Hávegur, nóvember 2019 unnin af Tark-arkitektum.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan til 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu að Traðarreit eystri. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13.8 2001590 - Kársnesbraut 71. Kynning á byggingarleyfi.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Valgeirs Bergs Steindórssonar byggingartæknifræðings dags. í desember 2019 fh. lóðarhafa Kársnesbrautar 71. Í tillögunni er óskað eftir að stækka íbúðarhús á lóðinni, byggt 1960, til vesturs um 65,6 m². Húsið er í dag 115 m² en auk þess er á lóðinni stakstæð 48,8 m² bílgeymsla. Eftir breytingu verður íbúðarhúsið 180,6 m². Útlit viðbyggingar verður eins og eldra hús og þak og halli sömuleiðis. Á fundi skipulagsráðs 3. febrúar 2020 var samþykkt með tilvísan til 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Kársnesbrautar 69 og 75, Holtagerðis 20, 22, 26. Litluvör 9, 11 og 13. Kynningartíma lauk 9. mars 2020. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust á kynningartímanum.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Skipulagsráð samþykkir erindið. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13.11 1911866 - Grundarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga Þorgeirs Þorgeirssonar, arkitekts fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 10 við Grundarhvarf. Í gildandi deiliskipulagi lóðarinnar, samþykkt í bæjarstjórn 2007 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 29. mars 2007 nr. 271, er gert ráð fyrir einbýlishúsi á einni hæð á lóðinni allt að 290 m² að grunnfleti. Flatarmál lóðarinnar er 1.120 m² og nýtingarhlutfall 0,26. Miðað er við þrjú bílastæði á lóð og hámarkshæð 4,0 m miðað við aðkomuhæð.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á lóðinni rísi einnar hæðar parhús, Grundarhvarf 10b og 10c, samtals um 350 m² að grunnfleti auk kjallara (tæknirými og geymslur) um 37 m² að flatarmáli. Áætlað nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,34 og fyrirhuguð hámarkshæð er áætluð 3,9 m miðað við aðkomuhæð. Gert er ráð fyrir bílskylum undir Grundarhvarfi 10b og 10c samt fjórum bílastæðum á lóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. í mars 2020.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Skipulagsráð samþykkir með tilvían til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13.13 2001090 - Kársnesbraut 64. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram erindi Jakobs Líndal arkitekts dags. 21. nóvember 2019 fh. lóðarhafa Kársnesbrautar 64. Í erindinu er óskað eftir að breyta nýtingu hússins úr einbýlishúsi í gistiheimili í flokki II, gr. 12 samkv. reglugerð um gististaði 1277/2016. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 21. nóvember 2019. Á fundi skipulagsráðs 20. janúar 2020 var afgreiðslu málsins frestað. Þá lagt fram minnisblað skipulags- og byggingardeildar dags. 12. mars 2020.

Niðurstaða Skipulagsráð - 71

Hafnað. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

14. 2003215 - Fundargerð 483. fundar stjórnar SSH frá 02.03.2020

Fundargerð í 14 liðum.

15. 2003267 - Fundargerð 484. fundar stjórnar SSH frá 06.03.2020

Fundargerð í 6 liðum.

16. 2002019F - Velferðarráð - 59. fundur frá 24.02.2020

Fundargerð í 16 liðum.

17. 2003007F - Velferðarráð - 60. fundur frá 09.03.2020

Fundargerð í 9 liðum.

Pálmi Þór Másson, bæjarlögmaður.